

# Pési



## Lesið þetta

- Hvað boðar nýárs blessuð sól
- Hrunaspjall
- Auglýsingar
- Björgunarfélagið
- Jólakveðjur
- Skötuveislur

Næsti Pési kemur út 18 jan. Skil á efni er 15. jan

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Þrettánda gleði	7
Landgræðsla	8
Afmælimót	12
Barna skemmtun	17
Skúli	18
Hreppa kappar	24

## Desember 2007

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

17. árgangur. 211. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími. 480 6600

## Dagur íslenskrar tungu tókst afbragðs vel.

Mikið var um dýrðir í Flúðaskóla í tilefni af degi íslenskrar tungu og að 200 ár voru liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, listaskáldsins góða eins og hann er gjarnan kallaður. Það er ánægjulegt þegar hægt er að flétta saman námi og leik. Því kenningin um að það sé leikur að læra er alltaf í fullu gildi. Nemendur heimsóttu fyrirtæki og stofnanir hengdu upp ljóð og upplýsingar um Jónas vítt og breytt um Flúðir m.a. í sundlauginni. Ritstjóri Pésans spurði nokkra nemendur útúr Jónasarfræðum í sundlauginni og stóðu nemendur sig með mikilli þryði. Skólustjóri, kennarar, nemendur og starfsmenn skólans eiga þakkir skilið fyrir afar merkilegt og þroskandi framtak. Þá þóttu tónleikar og menningarhátíð Vörðukórsins takast með miklum ágætum en þeir voru einnig til minningar um skáldið Jónas Hallgrímssonar.



Þóra Bjarnad. tekur 1. skóflustunguna í nýja iðnaðarhverfinu 4.des sl. Ljósm. Sig



Úr Límtrésverksmiðjunni.Steingrímur Jónsson á vaktinni

Ljósm. Sig Sigm

## Hvað boðar nýárs blessuð sól!

Það var ánægjulegt að upplifa aðventustund í félagsheimilinu í síðustu viku. Sóknarpresturinn okkar sr. Eiríkur Jóhannsson, sóknarnefndirnar og Kvenfélag Hrunamannahrepps efndu til þessarar ánægjulegu samverustundar sem minnir okkur enn á jólin og hve miklu máli skiptir að standa saman og stilla saman strengi okkar í hinu hraða samfélagi sem við lifum í. Hugmyndin um fjölskyldudag sem þennan er góð og hentar ungum sem öldnum vel. Þarna sameinast kynslóðirnar þeir sem eru orðnir fullorðnir og hinir sem eiga eftir að erfa landið. Það er ótrúlega þroskandi að fá að vera þátttakandi í starfi sem þessu. Fermingarbörnin 12, stóðu sig með mikilli þryði sem og aðrir sem komu fram. Börnin læra að samkomur sem þessar gerast ekki að sjálfu sér á bak við þær er mikil vinna og óeigingjarnt starf, eftirvænting og spenna. Enn og aftur erum við minnt á það hvað félög hér eins og sóknarnefndirnar og kvenfélagið er virkt og nútímalegt þetta eru ekki sjálfgefin mál. Jólin og jólaundirbúningurinn byggist meira og minna á hefðum og minningum. Ein af góðum jólahefðum hér er að hóteltjórarnir á Hótel Flúðum bjóða eldri borgurum til samsætis með tilheyrandi veislu-kaffi. Forsvarsmenn eldri Hrunamanna hafa beðið um að koma á framfæri sérstöku þakklæti fyrir þá velvild sem þau Margrét Runólfsdóttir og Guðmundur Sigurhansson sýna með þessu boði. Það er alltaf mikið um að vera í skólanum og í leikskólanum fyrir jólin þar sem eftirvæntingin skín úr hverju andliti. Og í framhaldi af jólaundirbúningnum er hér einnig virkt björgunarfélag sem sér til þess að mikið sé um að vera um áramótin. Í fallegum nýársálmí er spurt um hvað boðar nýárs blessuð sól. Það er spurning sem við höfum ekki fengið svar við en það er von undirritaðs að íbúar Hrunamannahrepps eigi góð og friðsæl jól og á nýárssólin boði okkur samstöðu, samheldni og áframhaldandi farsæld í leik og starfi. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps óskar öllum íbúum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs.

Hvað er betra en að eiga,  
innri gleði, innri frið.  
Guð minn þá er gott að mega,  
ganga inní sólskinið! P.E.

Megi nýtt ár færa okkur sól í sinni!  
Ísólfur Gylfi Pálmason,  
sveitarstjóri.

## Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

### **Þóra tók fyrstu skóflustungu á nýju iðnaðarsvæði.**

Þóra Bjarnadóttir frá Reykjabakka gerði sér lítið fyrir og tók fyrstu skóflustungu að nýju iðnaðarhúsi við Iðjuslóð á Flúðum. Sama dag þann 4. desember fyrir 62 árum ól hún soninn Úlfar Harðarson sem verður eigandi húsnæðisins. Það er tímanna tákn að Þóra lagði frá sér hækjurnar og notaði stunguskóflu til verksins en barnabarnabarn hennar, Elfar Harðarson tók næstu skóflustungu með 25 tonna gröfu. Iðnaðarhúsið verður límtréshús og verður byggt á nýju ári. Úlfar Harðarson byggði einnig fyrsta iðnaðarhúsið Steðja í iðnarhúsabyggðinni við Smiðjustíg. Um leið og við óskum Úlfari velfarnaðar í framkvæmdunum hvetjum við til aukins atvinnurekstrar í hreppnum og að atvinnurekendur nýti sér möguleika í nýju iðnaðarhverfi. Í blaðinu er einmitt mynd frá því að Þóra mundaði skófluna til verksins. Til gamans má einnig geta að fyrirtækið Gröfutækni sem eru í eigu sona Úlfars, þeirra Þórarins og Harðar hefur einnig sótt um lóð í nýja iðnaðarhverfinu.

### **Sigurður fréttaritari miðlar upplýsingum**

Fréttaritarinn okkar hann Sigurður Sigmundsson er virkur og sendir fréttir og myndir bæði í Morgunblaðið og Sunnlenska fréttablaðinu. Hann ritar einnig pistla í Morgunblaðið sem nefnast úr bæjarlífínu. Ómetanlegt er að hafa menn eins og Sigurð til þess að kynna það helsta sem er að gerast í samfélaginu okkar. Sigurður á einstakt myndasafn er tengist ýmsum atburðum úr hreppnum. Við sem stöndum að útgáfu Pésans og heimasíðu Hrunamannahrepps erum þakklát Sigurði fyrir að leyfa okkur að birta myndir sem hann hefur tekið. Þær hafa mikið minjagildi og gera blaðið okkar meira lifandi en ulla. Myndir Sigurðar prýða t.d. blaðið okkar núna.

### **Kveikt á ljósum á jólatrénu!**

Kvenfélag Hrunamannahrepps og Hrunamannahreppur gáfu jólaljósaseriur á jólatrén við Félagsheimilið. Anna Ásmundsdóttir formaður kvenfélagsins kveikti ljósin á aðventuhátíðinni sem haldin var á fyrsta sunnudag í adventu. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps þakkar kvenfélaginu fyrir gjöfina. Að vanda hafa þeir bræður Úlfar, Einar og Torfi tendrað jólaljós við Heimaland Jólaljósin lýsa okkur inni jólahátíðina og er kvenfélaginu og þeim bræðrum þakkaður sá góði hugur sem ljósunum fylgja.

## **Listasaumakonan Elín Guðfinnsdóttir**

Á dögnum hélt Karlakór Hreppamanna útgáfutóneika bæði í Selfoskirkju eins í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Tónleikarnir voru afar vel sóttir og þóttu takast hið besta. Mesta athygli vakti þó hinn óviðjafnanlegi stjórnandi kórsins Edit Molnar. Hún klæddist einstaklega fallegum íslenskum búningi sem Elín Guðfinnsdóttir á Flúðum saumaði. Búningurinn er algert listaverk og sýnir og sannar að henni Ellý okkar er margt til lista lagt. Karlakórs-  
menn gáfu Edit þennan búning í tilefni 10 ára afmælis kórsins. Eiginkonur karlakórsmanna skilja ekki hvernig hún Edit getur tamið alla þessa karla eins og raun ber vitni, því flestar þeirra eiga í mesta basli við að temja einn karl hver og tekst það mismunandi vel.

## **Góð heimsókn lykilmanna á hreppsskrifstofuna**

Allir helstu starfsmenn í samgöngu-og félagsmálaráðuneytinu og jöfnunar-  
sjóðs héldu stefnumótunarfund á Hótel Flúðum í vikunni. Þau komu í heimsókn á hreppsskrifstofuna með ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins Ragnheiði Hjaltadóttur í fararbroddi. Þau létu afar vel af veru sinni á staðnum enda hótelið rómaður ráðstefnustaður. Starfsmennirnir voru að stilla saman strengi sína áður en sveitarstjórnarmálin fara yfir til samgönguráðuneytisins um áramótin.

## **Hrunamenn taka þátt í spennandi verkefnum IMPRU**

Í síðast mánuði kynnti IMPRA mörg athyglisverð verkefni þar sem nokkrir Hrunamenn tóku þátt í á sérstöku námskeiði sem haldi var um nýsköpun. Þeir sem tóku þátt í þessu verkefni voru: Guðmundur Magnússon sem vinnur að merkilegu verkefni sem felst í því að nýta íslenskan trjávið til klæðningar á húsum. Hjónin Halldór og Ástríður í Efra-Seli eru einnig með nýstárlegar hugmyndir um efni sem hægt er að skauta á, líkt og skautasvell. Einnig tók Rut Guðmundsdóttir þátt í námskeiðinu og tengist verkefni hennar ferðaþjónustu og listmunagerð. Vonandi leiða þessi verkefni til enn frekari nýsköpunar.

## **Áramótabrenna**

Áramótabrennan verður á sama stað og venjulega. Tómas Þórir hefur kapp-  
kostað að safna saman timbri og trjáviði og verður þetta að vanda hinn myndarlegasti bálköstur. Ef allt fer að skilum verður kveikt í bálkestinum kl. 20:30. Nú ef óveður verður sem við vonum svo sannarlega að ekki verði verður brennunni frestað fram á þrettándann.

## **Styrkur til menningarmála**

Menningarráð Suðurlands gekk nýlega frá styrkjum til menningarstarfa á Suðurlandi. Vörðukórinn fékk styrk vegna menningarkvölds er tengdist Jónasi Hallgrímssyni. Þá fékk Karla-kór Hreppamanna styrk vegna menningarhátíðar í tilefni 100 ára fæðingarafmælis Sigurðar Ágústsson. Karla-kórinn hefur m.a. gefið út hljómdisk með verkum Sigurðar og er hann m.a. seldur í versluninni STRAX á Flúðum.

## **Fjárhagsáætlun**

Verið er að leggja lokahönd á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2008. Sem fyrr mættu vera meiri peningar til skiptanna til þess að geta framkvæmt ýmislegt af því sem við vildum helst gera. Að vanda eru stærstu útgjaldaliðirnir tengdir menntamálum sem við treystum að nýttist vel til skólahalds í leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla tónlistarskóla o.s.frv. Fyrri umræða fer fram þriðjudaginn 18. desember en seinni umræða fer fram fimmtudaginn 27. desember n.k.

## **Körfuknattleiksmenn gerðu það gott.**

Í síðasta mánuði fór fram undanúrslitaleikur í bikarkeppni Körfuknattleiksambands Íslands í íþróttahúsinu á Flúðum. U.M.F. Hrunamanna tók á móti meisturum U.M.F. Grindavíkur þetta voru svokölluð 32 leikja úrslit. Strax í upphafi leiks leiddu okkar menn og menn þökkudu það afbragsgóðri gúllassúpu sem Stína kokkur gaf leikmönnum og öðrum áhugamönnum um körfuknattleik. Það var sérstaklega skemmtileg umgjörð um leikinn og var öllum þeim sem komu að, til gleði og ánægju. Grindvíkingarnir sigruðu okkur að vísu en það var í rauninni aukaatriði. Það er gaman að fylgjast með því hve körfuboltinn er vinsæll hér um slóðir. Grindvíkingar eru hins vegar dottnir út úr bikarkeppninni núna þeir hafa líklega ofreynt sig í glímunni við Hrunamenn.

## **Helgi nýr byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu**

Oddvitanefnd uppsveita Árnessýslu hefur gert að tillögu sinna að gengið verði frá ráðningu Helga Kjartanssonar frá Hvammi í Hrunamannahreppi sem byggingafulltrúa uppsveita Árnessýslu. Helgi er byggingatæknifræðingur að mennt og hefur um árabíl starfað hjá Límtrésverksmiðjunni á Flúðum. Helga er óskað velfarnaðar í lifandi og krefjandi starfi.

## **Listakonan Helga í Bryðjuholti**

Falleg málverk prýða anddyri verslunarinnar Strax þessa dagana. Þarna eru myndir sem listakonan Helga Magnúsdóttir í Bryðjuholti hefur málað á undanförunum árum. Helgu er margt til lista lagt hún sker einnig út í tré ýmiskonar listmuni. Anddyri verslunarinnar fyllist lífi þegar málverkasýningar eiga sér stað og er þetta vel til fundið hjá forsvarsmönnum fyrir-tækisins hér á Flúðum.

## **Enn eru sagðar sögur af mannvirkjum Magnúsar**

Enn heyrast skemmtilegar sögur af mannvirkjum sem Magnús Víkingur er að byggja hér á Flúðum. Nú segir sagan að svo hár turn verði við bjálka-húsið sem í byggingu er að fulltrúar Flugstoða, sem áður var Flugmála-stofnun, hafi fyrirskipað að aðflugsstefnu að flugvellinum verði breytt. Magnús hefur hvorki játað né neitað að þetta sé satt! Magnús er hins vegar þekktur fyrir snertilendingar og að lenda flugvélum við erfiðar að-stæður enda flugmaður góður.

## **Finkur á Flúðum**

Einhverjar breytingar eru að verða á fuglalífi í hreppnum. Þannig hafa sést hér finkur sem eru smágerðir fallegir fuglar. Glöggur fuglaskoðunarmaður telur að mest hafi borið á tegund sem kölluð er barfinka. Barfinkurnar virðast una sér einstaklega vel hjá þeim garðyrkjuspesíalistum Guðjóni á Melum og Erni Einarssyni. Fuglaskoðunarmaðurinn gat ekki gefið skýringar á hvers vegna þessi tegund finka gerði sig sérstaklega heimakomin hjá þeim félögum sem þykja af ýmsum heldur reglusamir menn en vitað er að þeir eru dýravinir enda sagan ekki seld dýrari en hún er keypt – hins vegar kom síðar í ljós í frásögninni að hér var um barr ( tvö rr ) en ekki um barfinkur að ræða.

## **Æskulýðsfélag björgunarsveitarinnar íhugar þrettándagleði**

Björgunarfélagið okkar er ómetanlegur félagsskapur. Á hverju ári sanna þeir hve mikils virði er að hafa slíkt fólk í samfélagi okkar. Æskulýðsdeild félagsins sem nefnist Skúli íhugar að gera enn meira úr þrettándanum heldur en áður hefur verið gert. Halldóra Hjörleifsdóttir er ein þeirra sem aðstoðar ungmennin við undirbúning þrettándagleðinnar og á síðasta hreppsnefndarfundu var ákveðið að standa við bakið á félaginu vegna þessa.

## **Stofnun landgræðslufélags**

Í janúar stendur til að stofna sérstakt landgræðslufélag í Hrunamannahreppi. Sigurður H. Magnússon er að vanda einn af aðalhvatamönnum í þessum efnum. Landgræðslufélagið mun standa fyrir land- og uppgræðslu á Hrunaafretti. Mjög margir áhugasamir aðilar í hreppnum hafa komið að uppgræðslu á afréttinum. Með sérstöku landgræðslufélagi er meiningin að sameina þessa krafta auk þess sem væntanlega verður auðveldara að útvega styrki til landgræðslu þegar um slíkt félag er að ræða. Hrunamenn eru hvattir til þess að fylgjast með þessum málum og vera þátttakendur í stofnun félagsins.

## **Hrunamannahreppur ekki skaðabótaskyldur**

Þegar Hrunamannahreppur tók tilboði Gröfutæknis ehf. sem verktaka vegna hinna umfangsmiklu fráveituframkvæmda sem eiga sér stað í hreppnum kærði lægstbjóðandi, til kærunefndar útboðsmála. Þar voru gerðar kröfur um skaðabætur o.fl. Nú liggur fyrir úrskurður kærunefndarinnar og er öllum atriðum kærunnar á hendur sveitarfélaginu hafnað. Fráveituframkvæmdirnar ganga nokkuð vel hins vegar er ljóst að framkvæmdir munu taka lengri tíma en gert var ráð fyrir í útboðsgögnum m.a. vegna þess að mun meiri uppgröftur átti sér stað en gert var ráð fyrir í útboðsgögnum verksins. Endurskoðuð áætlun framkvæmda gerir ráð fyrir að verki ljúki um miðjan janúar en ekki um miðjan desember eins og fyrir framkvæmdaráætlun gerði ráð fyrir.

## **Áramótin tími uppgjörs**

Almennt er mikið skilafólk hér í hreppnum og er það vel. Þá hefur orðið mikil breyting varðandi innheimtumál í sveitarfélaginu eftir að tekið var uppsamstarf við Intrum vegna innheimtuþjónustu. Þeir sem eru í skuld við sveitarfélagið eru hvattir til þess að ganga frá öllum slíkum skuldum fyrir áramót því áramót eru tími uppgjörs.

## **Reiðhöllin í undirbúningi**

Stjórn reiðhallarinnar á Flúðum hefur sótt um framkvæmdarleyfi vegna byggingar hallarinnar. Hluti af því að hægt sé að hefja framkvæmdir er að samningar náist milli Hestamannafélagsins og eigenda Límtrésverksmiðjunnar.



## Málning gefur fótbolta

Í Hrunamannahreppi er samhengi milli málara og þjálfara í fótbolta. Þjálfarinn og málarinn Heimir Gunnarsson brá sér á fund hjá eigendum Málningar ehf sem gáfu Knattspyrnudeild UMFH 33 fótbolta. Atli sonur Heimis sem leikur með ÍBV í knattspyrnu en hann hefur einnig verið á þröskuldi þess að verða atvinnuknattspyrnumaður í Svíþjóð, hefur aðstoðað Heimi við þjálfun hér á Flúðum. Glitnismótið var haldið á Selfossi á dögnum þar kepptu stúlkur í 6. flokki og strákar í 7. flokki. Árangur krakkanna var mjög góður. Heimi er þakkað fyrir þann áhuga og þá vinnu sem hann innir af hendi í ungl-ingastarfi hér í hreppnum.

## Sundlaugin opnunartími – frá 15. desember.

Mánudagar – föstudaga kl. 16.00 – 21.00

Laugardaga kl. 12.00 – 18.00

Sunnudagar – LOKAÐ

Opnunartími um jól og áramót:

23 desember til 26. desember. LOKAÐ

30. desember til 1 janúar 2008. LOKAÐ

Miðvikudagur 2. janúar 16:00-21:00



## Jólakveðja

Sendum lesendum Pésans, starfsmönnum- og íbúum Hrunamannahrepps hugheilar jóla og nýárskveðjur.

Sveitarstjóri og Hreppsnefnd Hrunamannahrepps.

**Frá launafulltrúa!!!!!!**

## **ÁRÍÐANDI TILKYNNING**

**Hlutaðeigandi eru minntir á að skila inn skýrslum um nefndalaun og önnur ógreidd laun vegna ársins 2007 í síðasta lagi 21. desember nk.**



## Skötu- og pizzuveislan 2007



Þorláksmessudag kl. 11.00 – 22.00

Hefð hefur skapast fyrir því að haldin er skötuveisla í golf-skálanum á Þorláksmessudag.

Opið verður frá kl. 11.00 til 22.00. Verð á mann í skötuhlaðborðið er **1.350 kr.** m.v. 15 ára og eldri, frítt fyrir 14 ára og yngri og veittur er 10% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja.

Boðið verður upp á skötu af ýmsum styrkleikum, saltfisk og viðeigandi meðlæti. Fyrir þá sem ekki leggja í fiskmetið verða seldar pizzur af matseðli.

**Við óskum öllum sveitungum okkar og öðrum viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.**

Verið velkomin til okkar á Þorláksmessu. Píanó á staðnum fyrir þá sem vilja leika nokkur jólalög.

Með hátíðarkveðju Starfsfólk Kaffi-Sels

Símar: 486-6454/891-7811

Netfang: [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)



**Samkaup** **strax**



**Opnunartími í desember .**

Fimmtudagur 20. desember	09:00-19:00
<b>Föstudagur 21. desember</b>	09:00-19:00
<b>Laugardagur 22. desember</b>	10:00-19:00
Sunnudagur/Þorláksmessa	09:00-19:00
Aðfangadagur	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum	LOKAÐ
27. desember	09:00-19:00
28. desember	09:00-19:00
29. desember	10:00-19:00
30. desember	10:00-19:00
31. desember Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur 01.01.2008	LOKAÐ
Þriðjudagur 02.01.2007	10:00-19:00

**JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ**

Allar bækur með 25% afslætti  
Munið helgartilboðin

**Þökkum viðskiptin á árinu**


**sem er að líða**

**Jólakveðjur**

**Starfsfólk Samkaupa Strax**

**á Flúðum.**

**GLEÐILEG JÓL**



## Afmælimót Briddsdeildar Umf.Hrunamanna

Nú í haust voru liðin 40 ár frá því að regluleg briddsspilamennska hófst á Flúðum. Upphafsmáður að því var Ingólfur Pétursson hóteltjóri. Af þessu tilefni var haldið afmælimót sunnudaginn 9. des. Þátttaka í mótinu var góð eða 32 spilarar. Spilaður var tvímenningur með barómeter fyrirkomulagi, alls 45 spil. Góð verðlaun voru í boði, m.a. Hótelgisting á Icelandair Hótel, Hilton Hótel, Flughótel Keflavík, Hótel Héraði, og Hótel Eddu. Ennfremur kvöldverður á Hótel Heklu og ostakörfur frá Sölufélagi .garðyrkjumanna. Mótið var haldið á Hótel Flúðum, sem einnig veitti verðlaun og fyrirgreiðslu og stuðning. Spilastjóri var Brynjólfur Gestsson, kunnur spilari og Hrunamaður að uppruna.

Fyrsta sæti í spilamenskunni hlutu með nokkrum yfirburðum þeir Gunnlaugur Karlsson og Ásmundur K Örnólfsson með 97 stig. Í öðru sæti Karl Gunnlaugsson og Jóhannes Sigmundsson 48 stig, þriðju Magnús Gunnlaugsson og Halldór Einarsson 41 stig og í 4-5 sæti Jón Þorsteinn Hjartarson og Hörður Úlfarsson með 29 stig og Bjarni H Ansnes og Margrét Runólfsdóttir 29 stig.

Að móti loknu var snæddur hátíðarkvöldverður á Hótel Flúðum

Jóhannes Sigmundsson.

---

### **HÚSALEIGUBÆTUR**

Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta (skv 10. gr laga um húsaleigubætur.

Skv. 11. grein sömu laga skulu umsókn fylgja eftirtalin gögn:

1. Leigusamningur gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur.(Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leiti í eigu sveitarfélaga)
2. Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár,staðfest af skattstjóra
3. Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölulið og barna,sbr.1.mgr.9.gr,fyrir þrjá síðust mánuði.
4. Önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls,aðstæður og atvik kunna að kalla á.

Hægt er að lesa lög in í heild á felagsmalaraduneyti.is

Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 16.janúar 2008.

Sveitarstjóri

Gróðurhús til leigu  
Til leigu er gróðurhús í Laxárhlíð  
Upplýsingar gefur sveitarstjóri  
Sími 480 6600 eða á skrifstofu Hrunamannahrepps

Ágætu sveitungar!  
Okkur hefur dottið í hug að láta ykkur vita að við eigum ennþá blöð af "Á fjölonum" sem fjallar um leikstarf í Hrunamannahreppi, á síðustu öld, frá 1903-1998. Einnig disk með þeim myndum, sem til eru úr leikstarfinu.  
Til sölu á Skrifstofu hreppsins, Félagsheimilinu og hjá undirrituðum,  
Guðrúnu Sveinsdóttur og Sigurbjörgu Hreiðarsdóttur

Frá heilsugæslunni í Laugarási.

### **EKKI LÚS**

Nú þegar styttist í jólafrí langar mig að nefna lúsina, hún kætist í jóla-  
boðum og á barnaböllum þar sem margir koma saman.  
Því legg ég til að allir forráðmenn barna á leikskólum og í grunnskólum  
kemi börnum sínum daginn áður en skólahald hefst að nýju í janúar. Þetta  
gæti komið í veg fyrir lúsafaraldur eftir áramót ef allir eru samtaka.  
Með baráttukveðju, Anna Ipsen Yfirhjúkrunarfræðingur  
Laugarási.

Til sölu  
6 sæta hornsófi til sölu á 40.000 kr  
Hann er grænn og vænn og hefur aðsetur að Vesturbrún 15 í augnablikinu.  
Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband við  
Ragnhildi í síma 862 2374

Gróðurhús til leigu  
Tvö gróðurhús í Hvammi I, samtals 1000 fermetrar, eru til leigu.  
Nánari upplýsingar í síma 486 6639 eða 896 8139

Dagkrem, næturkrem, ilmvötn og fl.  
Gjafavörur á góðu verði  
Eva Marín Hlynisdóttir  
Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife. S: 892 6728  
[silja1@simnet.is](mailto:silja1@simnet.is)



## Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabrjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf  
Gunnbjarnarholti  
480-5600

[www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)



*Frá hugmynd að húsi*



KAUPÞING

**Hraðbankinn**  
er opinn allan sólarhringinn.

**Afgreiðslutími á Flúðum:**  
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00  
Viðtalstími bankastjóra á  
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**

# Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá

Pálmar í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamanna-  
hreppur

Með von um gott samstarf Starfsfólk Flúðaleiðar

Sorphirða í sveitarfélaginu um jól og áramót  
Sorp verður tekið dagana 20 og 21 desember og síðan  
í byrjun janúar 2008

Minni á gámana

Óska sveitungum gleðilegra jóla

og þakka samstarf á árinu

Tómas Þórir Jónsson verktaki



VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

*Andlitsbað* *Húðhreinsun*

*Litun og plokkun* *Handsnyrting*

*Fótsnyrting* *Förðun* *Vaxmeðferðir*

*Tímapantanir í síma 566-8342*

*og 856-1599(Hlíf)*



GRUND  
GISTIHEIMILI KAFFIHÚS  
GUESTHOUSE RESTAURANT



Um leið og við óskum öllum íbúum Hrunamannahrepps Gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum við góðar viðtökur hjá hreppsúum við opnuninni á Grund. Við viljum líka lýsa ánægju okkar með allt unga fólkið sem hefur komið til okkar, og sérstaklega efstu bekki grunnskólans þrúðari og elskulegri unglinga er ekki hægt að hugsa sér.

Með jólakveðju Kristinn og Dagný

Verðum með skötu og saltfisk á Þorláksmessu frá kl: 12.00-14.00 og 19.00-21.00

Vinsamlega pantið í síma 552-6962 eða 663-7770

***Skrifstofa Hrunamannahrepps***  
***Opnunartími hreppsskrifstofu um hátíðarnar***  
***Aðfangadagur LOKAÐ***  
***27. desember. 10:00-12:00 og 13:00-16:00***  
***28. desember. 10:00-12:00***  
***Gamlársdagur. 10:00-12:00***  
***Gleðileg jól***







**Barnaskemmtun Kvenfélags Hrunamannahrepps  
2007.**



Barnaskemmtunin verður haldin laugardaginn  
29. desember

kl. 13.30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Hljómsveitin Hjónabandið mun koma á skemmtunina ásamt ýmsum  
furðuverðum sem skemmta munu ungum sem öldnum.

Ýmis skemmtiatriði verða á dagskrá.

Félagið býður upp á kaffi og smákökur og yngsta kynslóðin  
mun jafnframt fá safu og ávexti.

Sælgætispokinn verður einnig á sínum stað.

Mömmur, pabbar, afar, ömmur, frænkur, frændur, bræður, systur og  
allir hinir!

Komum og rifjum upp, kennum og lærum, gömul sem ný jólalög  
og eigum góða stund saman í anda jólanna.

Aðgangseyrir kr. 1000.

Ókeypis fyrir 14 ára og yngri.


Barnaskemmtunarnefnd Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Jólatrésala Björgunarfélagsins Eyvindar

Verður í húsi félagsins á Flúðum

Laugardaginn 15. desember frá kl 13:00 til 18:00 og

Sunnudaginn 16. desember frá kl 14:00 til 18:00



Verðum með allar helstu tegundir af trjám eins og  
undanfarin ár.

Vonumst við til að sem flestir komi og kaupi sér tré og styrki  
með því gott málefni.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

## Pistill frá Unglingadeildinni Skúla.

Unglingadeildin Skúli var stofnuð í byrjun ársins 2006 af nokkrum röskum unglingum eftir valnámskeið í björgun í Flúðaskóla. Deildin er ein af 50 unglingsdeildum á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjörg. Markmið unglingsdeildanna er að hjálfa unglinga til björgunarstarfa. Unglingsdeildin okkar starfar í tengslum við Björgunarsveitirnar Eyvind og Sigurgeir í báðum hreppunum. Skúli hefur nú starfað í tæp tvö ár og eru meðlimir deildarinnar nú 25. Umsjónarmenn eru tveir, þær Halldóra og Peta sem veita okkur fræðslu og leiðbeiningu og reynast okkur því vel í því sem við gerum.

Í deildinni kynnumst við starfi björgunarsveita og slysavarnardeilda. Með styrkjum og sölu á ýmsum varningi er okkur kleift að sækja gagnleg námskeið og fá tækifæri til að ferðast um landið. Með því æfum við uppbyggilega vinnu og öguð viðbrögð björgunarmanna. Til dæmis hvernig skal varast hættur og hvernig björgunarmaðurinn hegðar sér í íslensku umhverfi við ýmsar aðstæður. Við höfum lært á áttavita og kort, hvernig á að síga niður kletta, að rata um óbyggðir, hnýta hnúta, rústa-björgun, kassaklifur og fyrstu hjálp svo fátt eitt sé nefnt. Hópurinn er samrýmdur og skemmtilegt er að hittast á fundum og alltaf gaman hjá okkur í öllu sem við gerum.

Margt höfum við tekið okkur fyrir hendur og þar má nefna afþreyingu á þjóðhátíðardaginn, diskótek, sölu á neyðarkalli og konudagsblómum, girðingarvinnu og könnun á bílbeltanotkun. Þá höfum við farið í útivistarskólann á Gufuskálum á landsmóti unglingsdeilda 2007 nú í sumar og tvisvar áður. Skúli fór svo í óvissuferð í nóvember. Áður en komið var á áfangastað gengum við í gegnum Gjabakkahelli sem var mikil upplifun. Þá gistum við í Kringlumýrarskála, æfðum leitir og fórum í leiki og spilum og sungum. Framundan hjá okkur eru svo litlu-jól deildarinnar og þrettánda brenna í samstarfi við hreppsnefnd.

Starfið með Skúla er skemmtilegt og síðast en ekki síst uppbyggilegt. Unglingadeildin heldur uppi bloggsíðu um deildina og það sem við erum að gera. Slóðin er [www.blogg.central.is/ud-skuli](http://www.blogg.central.is/ud-skuli), þar má finna myndir úr starfinu, tenglar, gullkorn, dagskrá fyrir næstu daga og aðrar upplýsingar um deildina.

Fyrir hönd unglingsdeildarinnar Skúla  
Árný Fjóra Ásmundsdóttir

Orðsending til bænda.  
v/kaupa á Yara áburði frá Sláturfélagi Suðurlands.

Enn hefur ekki samist um endanlegt verð frá framleiðanda Yara áburðar. Vonast er til að niðurstaða fáiast í málið á næstu dögum. Sláturfélagið mun gera allt, sem hægt er til að þetta komi ekki illa við bændur hvað varðar hagsmuni þeirra, m.a. gagnvart reikningslegri færslu um áramót. Ég sem deildarstjóri mun fylgjast grannt með gangi mála og veita upplýsingar

Með kveðju  
Jóhanna Hrafnkelsstöðum



**Hjörleifur Ólafsson**

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í UPPSVEITUM**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Aðalflutningar ehf., Skútu-  
vogi 8. sími: 581-3030. Mánudaga til föstudaga kl.  
13:00, . Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl.  
14:00 nema föstudaga kl. 17:00. Einnig hjá öðrum  
fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar  
856 1581 Stefán

## Lestur er fyrir hugann eins og hreyfing fyrir líkamann.

Nú eru komnar margar nýjar bækur á bókasafnið.

Jólabækurnar eru merktar til skammtímaláns, sem þýðir að lánþegi getur haft bókina í **2 vikur**. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar og eru því fljótir að skila þeim.

### Í flokki barna- og unglingsbókmennta má m.a. nefna:

Ballið á Bessastöðum	Gerður Kristný
Benedikt búálfur: Drekgull	Ólafur Gunnar Guðlaugsson
Beygluð og brotin hjörta	Bryndís Jóna Magnúsdóttir
Draugaslóð	Kristín Helga Gunnarsdóttir
Drekinn sem varð bálreiður	Margrét Tryggvadóttir
Ef þú bara vissir ...	Marta María Jónasdóttir
Einu sinni var dramadrottning í ríki sínu	Sif Sigmarsdóttir
Ég vil fisk!	Áslaug Jónsdóttir
Fallegi flughvalurinn og Leifur óheppni	Ólafur Gunnarsson
Gegnum rifurnar	Sirry Sig
Kossar og ólífur	Jónína Leósdóttir
Loforðið	Hrund Þórsdóttir
Mánudagur bara einu sinni í viku	Iðunn Steinsdóttir
Með hetjur á heilanum	Guðjón Ragnar Jónasson
Nonni og Selma – Fjör í fyrsta bekk	Brynhildur Þórarinsdóttir
Tryggðartröll	Steinar Berg
Bert og kalda stríðið	Sören Olsen
Harry Potter og dauðadjánsnin	J.K. Rowling
Óskalistinn	Eoin Colfer

... og bækur um risaeðlur, sjóræningja og prinsessur.

Einnig nýjar bækur um Skúla skelfi, Kaftin Ofurbrók, Gæsa húð, Spiderwick-sögurnar,

Guinness World Records 2008, Ripley's Ótrúlegt en satt! og margar fleiri skemmtilegar,

fróðlegar og spennandi barna- og unglingsbækur.

Og ekki má gleyma vinsælu Disney-syrpunni og Galdrastelpu-blöðunum.

Nú í desember er tilvalið að koma á bókasafnið og fá lánaðar skemmtilegar jólasögubækur og einnig má þar finna mikið úrval fönðurbóka.

## Í flokki skáldsagna má meðal annars nefna:

Afleggjarinn	Auður A. Ólafsdóttir
Aska	Yrsa Sigurðardóttir
Dauði trúðsins	Árni Þórarinnsson
Endurfundur	Einar Kárason
Englar dauðans	Þráinn Bertelsson
Grunnar grafir	Fritz Már Jörgensson
Harðskafi	Arnaldur Indriðason
Himnaríki og helvíti	Jón Kalman Stefánsson
Jarlhettur	Björn Th. Björnsson
Kalt er annars blóð	Þórunn Erla Valdimarsdóttir
Land Þagnarinnar	Ari Trausti Guðmundsson
Óreiða á striga	Kristín Marja Baldursdóttir
Rimlar hugans	Einar Már Guðmundsson
Sandárbókin	Gyrðir Elíasson
Sögur úr Síðunni	Böðvar Guðmundsson
Dauðrabýlið	Patricia Cornwell
Bláklæddu stúlkurnar tvær	Mary Higgins Clark
Ekkjan	Stephen King
Nítján mínútur	Jodi Picoult
Nornin í Portobello	Paulo Coelho
Skyggður máni	Alice Sebold
Þúsund hjartar sólrir	Khaled Hosseini

Og fleiri áhugaverðar skáldsögur eftir íslenska og erlenda höfunda.

Einnig í flokki fræði- og æviritra: Fyrirboðar, tákn og draumaráðningar, Hefurðu séð huldufólk ?

Hnotið um hamingjuna, Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama, Maðurinn, Undir Hraundranga, Þjósárver, Guðni, Heilræði lásasmíðsins, Í öðru landi, Postulín, Sagan um Bíbí Ólafsdóttur, Snert Hörpu mína, Sköpunarsögur, Til fundar við skáldið Halldór Laxness, Vasast í öllu, ÞÐ- í fátækralandinu, Leyndarmálið og margar fleiri áhugaverðar bækur.

**Nýtið ykkur þann fjársjóð sem bókasafnið hefur að geyma. Lestrarstund er gæðastund.**

### **OPIÐ:**

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Þriðjudaga ,miðvikudaga og fimmtudaga Kl. 16-18**

**Velkomin í bókasafnið – Gleðileg bókaþól J .**

## Smárafréttir.

Ágætu félagar

Með hækkandi sól fara enn fleiri félagar að ríða út, þá styttist í að félagsstarfið hefjist af fullum krafti þó að það hafi nú ekki legið alveg niðri.

Við bíðum eftir endanlegum stimpli á skipulagið svo hægt verði að taka fyrstu skóflustungu að Reiðhöllinni, verður vonandi fyrir jól.

Það verður eins og undanfarið nóg að gera í vetur og bætist bygging reiðhallarinnar þar ofaná, þurfum við að láta hendur standa langt fram úr ermum svo náist að klára það sem fyrir liggur. Landsmót er á næsta ári og verður úrtaka fyrir það eins og áður haldin á Gaddstaðafötum með öðrum félögum á suðurlandi. Dagsetning er ekki kominn en verður auglýst fljótlega eftir áramót.

Æskulýðsnefndin gerði frábæra hluti á árinu og vil ég fyrir hönd stjórnar þakka gott starf, þegar ég sótti formannafund nú í nóvember fékk ég það staðfest. **Skýrsla æskulýðnefndar Smára var ein af fjórum sem kom til greina vegna útnefningar um æskulýðsbikar LH en það voru um 20 skýrslur sem bárust. Þetta er góð viðurkenning á því sem nefndin er að gera og hefur gert.**

**Til hamingju.**

Hugmyndir eru um ýmsar nýjungar í kringum punktamótin í vetur og svo verður að sjálfsögðu ístólt ef veður og aðstæður leyfa.

Búið er að dagsetja mótin í vetur og einnig gæðingakeppnina, ekki er kominn dagsetning á tólmót í Ölfushöllinni og heldur ekki æskulýðsmótið en það kemur vonandi fljótlega eftir áramót.

**Punktamótin verða haldin :**

**23.febrúar 15.mars og 19.apríl. Firmakeppni verður 1 maí og gæðingakeppnin 19-20 júlí.**

**Aðalfundur félagsins verður haldinn 27 jan, nánari tíma-setning þegar nær dregur.**

**Smárabingó verður haldið 12 jan kl. 14:00 á Flúðum.**

Gleðilega hátíð

Með kveðju Guðni Árnason formaður



## Hrunaspjall

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.

Enn er aðventan gengin í garð og flestir í margvíslegum önnum. Við horfum í átt til helgrar hátíðar jólanna sem snerta streng í sálum flestra, jafnvel þótt almennt megi segja að heldur svalir vindar blási um þá gamalgrónu stofnun sem kallast Þjóðkirkja Íslands. Persónulega hef ég ekki reynslu af þessum andróðri og margt er þar sagt sem mér virðist fjarri öllum sanni. Ég vil fyrir mitt leyti þakka fyrir jákvæð og eðlileg samskipti við þá aðila sem málum ráða hér í sveit á sviði fræðslumála. Ég leyfi mér að líta á það sem eðlilega þjónustu við þær fjölskyldur sem nýlega hafa valið að bera börn sín til skírnar, að presturinn hitti þessi börn á sinni þroskabrot, kynnist þeim og kenni þeim bænarvers söngva og biblíusögur.

Ef sú umræða sem verið hefur ofarlega á baugi í samfélaginu undanfarið leiðir til þess að fólk almennt geri það upp við sig á meðvitaðri hátt en áður, hvers virði trúin sé í þeirra lífi þá getur það ekki verið nema til góðs. En auðvitað eru til orðin hér á Íslandi öfl sem virkilega beita sér gegn kirkju og kristni og vildu helst sjá á eftir því öllu út í hafsauga.

Við því er í sjálfu sér ekkert að segja, fólk hefur rétt á sínum skoðunum, en meðan þeir 250.000 íslendingar sem tilheyra Þjóðkirkjunni standa með sinni kirkju og taka sína trú alvarlega þá er einskis að kvíða. Um leið er þetta hvatning til starfsmanna hennar að gera enn betur í sínum störfum. Gaman væri að sjá sem flesta við helgihald komandi jólahátíðar

Með bæn um blessuð og gleðileg jól.

Eiríkur Jóhannsson

Helgihaldið framundan:

Aðfangadagur jóla, helgistund í Hrunakirkju kl. 23:00

Jóladagur, hátíðarguðsþjónusta í Hrepphólakirkju kl. 11:00

Jóladagur, hátíðarguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 14:00

**Kæru Hreppakappar, aðrir Hrunamenn, nágrannar og velunnarar.**



Vegna lagabreytinga UMFÍ þurfum við að breyta lögum okkar örlítið og þá einnig stjórninni. Þessar breytingar þarf að samþykkja á fundi til þess að geta sent lögina til UMFÍ. Og því fannst okkur í stjórninni tilvalið að hittast síðustu helgi ársins og halda aukaaðalfund á **Út-laganum**. En við ætlum ekki bara að hafa fund. Við ætlum að byrja á því að horfa á öll myndböndin sem hafa orðið til við starfsemi félagsins. Svona lítur dagskráin þá út **laugardaginn 29. desember 2007:**

Klukkan 14:00 Götuspurnan – myndband frá fyrsta móti Hreppakappa. En þar tók Erlingur Þór þátt í götuspurnunni á Akureyri.

Klukkan 14:05 Moto-verzló – myndband frá fyrsta mótinu sem Hreppakappar héldu. Og var það motocross í Hverabakkagryfjum með maður-á-mann keppnisfyrirkomulagi.

Klukkan 14:30 Traktorstorfæran 2007.

Klukkan 15:00 Testó 2007 – heimildamyndin um hringferðina sem stjórnin fór.

Klukkan 16:00 Fundur

Dagskrá fundar:

1. Setning
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur lagðar fram.
4. Umræður um tillögur, sem fram hafa komið.
5. Kosning laga.
6. Kosning formanns.
7. Kosning stjórnarmanna.
8. Önnur mál.
9. Fundargerð lesin upp til samþykktar.
10. Fundarslit.

Erfitt er að áætla fundarslit. Umræður gætu skapast og einnig gæti allt runnið ljúft í gegn og tekið því bara stutta stund. Allir eru velkomnir þó að félagsmenn einir hafi kosningarétt. Stjórnin hvetur alla til þess að koma og sjá hvað við höfum verið að gera og sérstaklega þá sem hafa eitthvað fram að færa eða vilja skrá sig í félagið.

Virðingarfyllt f.h. AHK Sigurjón Snær Jónsson Formaður



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.



## Geisladiskur Karlakórs Hreppamanna

Út er kominn fyrsti geisladiskur með söng Karlakórs Hreppamanna. Hann er gefinn út í tilefni af tíu ára afmæli kórsins og aldarafmæli Sigurðar Ágústssonar frá Birtingaholti. Á disknum er að finna lög, ljóð eða raddsetningarnar eftir Sigurð. Diskurinn inniheldur 17 lög ásamt píanóverkinu Tilbrigði við stef Sigurðar Ágústssonar, sem píanóleikari kórsins Miklós Dalmay samdi og flutti á Minningartónleikum um Sigurð Ágústsson í mars síðastliðnum.

Kórstjóri er Edit Molnár. Einsöng á disknum syngja Björgvin Magnússon og Hermundur Guðsteinsson.

Tóndæmi má finna á heimasíðu kórsins [www.kkhreppamanna.com](http://www.kkhreppamanna.com)

Þennan eigulega geisladisk er hægt að nálgast á eftirtöldum stöðum:

- Verslunum Bónus á Selfossi og í Hveragerði,
- Sunnlenska bókakaffinu á Selfossi,
- Samkaup Strax á Flúðum,
- Samkaup Strax á Laugarvatni,
- Bjarnabúð í Reykholti,
- Versluninni Borg á Minni-Borg,

Versluninni Árborg í Árnosi.

Einnig er hægt að fá diskinn sendan í póströfu með því að senda nafn og heimilisfang á netfangið [hreppamenn@kkhreppamanna.com](mailto:hreppamenn@kkhreppamanna.com)



# Jólasýning Fim- leikadeildar



## UMFH.

Sunnudaginn 16. desember 2007  
ætlað fimleikadeild UMFH að hafa jólasýningu í  
Íþróttahúsinu.  
Sýningin byrjar kl 13:00 og eru allir velkomnir.

---



## FLUGELDASALA

**Flugeldasala Björgunarfélagsins Ey-  
vindar hefst föstudaginn 28. des og  
verður sem hér segir, í húsi félagsins,  
Föstudaginn 28. des frá kl. 16:00 – 22:00  
Laugardaginn 29. des frá 16:00 – 22:00  
Sunnudaginn 30. des frá 14:00 – 22:00 og  
Mánudaginn 31. des frá 10:00-16:00**



Björgunarfélagið Eyvindur sendir öllum  
Hrunamönnum, nærsveitungum og öðrum  
þeim sem hafa styrkt okkur á einn eða  
annan hátt, óskir um gleðileg jól og gæfu-  
ríkt komandi ár með þökk fyrir góðan stuðning  
á liðnu ári.

Eftirfarandi bréfkorn barst Pésanum

Anna Halldórsdóttir

Frá Reykjadalaskoti

f.21.okt 1886 d. 18. sept 1987

Hinn 2. janúar árið 1905 fór Anna Halldórsdóttir úr Hrunamanna-  
hreppi, flutti frá Reykjadalaskoti til Reykjavíkur.

Um það orti hún.

“ Þá var hljóður hugur minn

Og haldið allt í móðu.

Þegar ég kvaddi í síðsta sinn

Sveitina mína góðu.

“Úti um heiminn eru á stjá

Ýmsir menn að snölta (leita)

En hundraðasta ári á

enn er ég að bröлта.”

Þetta fór Anna með fyrir mig, sennilega sumarið 1985, þá nær 100 ára  
gömul, en síðustu á ævi sinnar dvaldi hún á dvalarheimili aldraðra á  
Höfn í Hornafirði. Eftir að Anna flutti úr Hrunamannahreppi, 18 ára  
að aldri kom hún aldrei í áttthaga sína en fylgdist alla ævi vel með öllu  
er þar gerðist.

Ásta Guðmundsdóttir frá Högnastöðum

“Anna var systir Ingibjargar Halldórsdóttur á Högnastöðum og Bjarna  
Halldórssonar síðast til heimilis að Gilsbakka, en trúlega muna margir  
eftir honum”

### **Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur**

Opnunartími. um jól og áramót

23 desember til 26. desember. **LOKAÐ**

27 og 28. desember. 15:30-21:00

Gamlársdag og nýárdag er **LOKAÐ**

Frá Knattspyrnudeild UMFH Jólafrí!!

Síðasta æfing fyrir jól verður mánudaginn 17. des.

Byrjum á nýju ári mánudaginn 7. janúar.

Gleðileg jól og gott nýtt ár

Stjórnin og þjálfari

## Frá Brunavörnum Hrunamannahrepps

Nú líkt og undanfarin ár verðum við á ferðinni fyrir jólin og bjóðum húsráðendum að yfirfara reykskynjara og skipta um rafhlöður. Veitum einnig ráðleggingar um æskilegan fjölda, staðsetningu og tegund skynjara. Ennfremur getum við tekið þau slökkvitæki í yfirferð sem þurfa þykir.

Höfum til afgreiðslu allan helsta eldvarnabúnað.

Reykjaskynjara, bæði optiska og jóníska og hitaskynjara  
Slökkvitæki, léttvatns, duft og kolsýrutæki.

Eldvarnateppi.

Pössum upp á kertaskreytingarnar

Gerum flóttáætlanir og æfum viðbrögð við eldsvoða

Slökkviliðsstjóri

Jóhann Marelsson sími 894 6801

Eldvarna og jólakveðjur

### **Od Straży Pożarnej Hrunamannahrepps**

Tak ja w poprzednich latach przed Świętami Bożego Narodzenia będziemy odwiedzać domostwa, będziemy sprawdzać czujniki przeciwpożarowe i wymieniać baterie. Doradzimy czy jest odpowiednio dużo czujników, zaproponujemy ich rozmieszczenie , oraz rodzaj jaki trzeba zastosować w danym miejscu. Bierzemy również gaśnice do regeneracji.

Posiadamy do sprzedaży wszelkiego rodzaju sprzęt przeciwpożarowy:

Czujniki przeciwpożarowe, gaśnice, koce przeciwpożarowe .

Zwróćmy uwagę na ozdoby świąteczne ze świeczkami !

Robimy plany ewakuacyjne, pokazujemy jak się zachować w czasie pożaru.

Dowódca Straży

Poża

Jóhann Marelsson tel 894-68-01

### *Jólin 2007*

*Við óskum ykkur gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum gott samstarf á árinu sem er að líða.*

*Með jólakveðju*


*Börn og starfsfólk Leikskólans*

### *Villibráð*

*Hreindýrakjöt og gæsabringur til sölu.*

*Upplýsingar í síma 899 1169 Siggi Hans*

### *Jólakveðja frá Hótel Flúðum*



*Óskum viðskiptavinum okkar og sveitungum,  
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða*

*Starfsfólk Hótel Flúða*

### *Frá Útlaganum*

*Sendum viðskiptavinum og sveitungum*

*hugheilar jóla og nýárskveðjur.*

*Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

*Minnum á skötuna sem verður á sínum stað  
á Þorláksmessu*

Listasafn Árnesinga kynnrir:

## Jólamess í Tilraunaeldhúsinu Kira Kira, Kippi Kaninus & Apaflasa

laugardaginn 15. desember kl. 17:00-18:00.

Forsprakkar Tilraunaeldhússins eru nýkomnir heim úr tónleikaferð um Kína á vegum raflistahátíðarinnar NOTCH. Þau Kira Kira (Kristín Björk Kristjánsdóttir), Jóhann Jóhannsson og Hilmar Jensson komu við í Shanghai, Guongzhou og Peking þar sem þau tóku einnig þátt í myndlistarsýningu sem einblíndi á samband tónlistar og myndlistar.

Frá Kína til Hveragerðis heldur Tilraunaeldhúsið með nýja áhöfn, þar sem Kira Kira, tónlistar- og myndlistarmaður hefur fengið til liðs við sig þau Oddnýju Eir Ævarsdóttur safnaheimspeking úr útgáfufélaginu Apaflösu og Kippa Kaninus -Guðmund Vigni Karlsson jarðafarasöngvara, rafónlistarmann og guðfræðing.

Saman munu þau slá upp klukkustundar jóladagskrá í Listasafni Árnesinga í Hveragerði með tilheyrandi glöggi og rafmagnsbassa-piparkökum. Oddný Eir les upp úr óútgefnum hugvekjum, Kippi Kaninus og Kira Kira frumsýna helgimyndbönd og tóna inn jólin.

Að auki gefst tækifæri til að sjá sýninguna Stefnumót við safneign sem birtir úrval listaverka í eigu safnsins eftir meistara síðustu aldar.

Listasafn Árnesinga býður alla velkomna í var og enginn aðgangseyrir er á jólamessið. Þetta er síðasta tækifærið að heimsækja safnið fyrir jól, því sýningahlé verður frá 16. desember til 16. janúar.

Nánari upplýsingar veitir:

Inga Jónsdóttir, safnstjóri S:895 1369

E-mail: [listasafn@listasafnarnesinga.is](mailto:listasafn@listasafnarnesinga.is)

[www.kitchenmotors.com](http://www.kitchenmotors.com)

[www.kippikaninus.com](http://www.kippikaninus.com)

[www.this.is/kirakira](http://www.this.is/kirakira)

[myspace.com/kippikaninus](http://myspace.com/kippikaninus)

[myspace.com/trallaladykirakira](http://myspace.com/trallaladykirakira)





Verðlaunahafar á briddsmóti á 50 ára afmæli briddsklúbbsins

Ljósm. Sig Sigm



Ragnheiður Richardsd og Monika Jarosink pakka gulrótum

Ljósm. Sig Sigm





Fermingarbörn 2008 lesa á aðventuhátíð 2. desember

Ljósman. Sig Sigm



Kirkjukór Hrunaprestakalls á aðventuhátíð 2. desember

Ljósman. Sig Sigm